




# FRÓÐI

Júní 2016

Fréttabréf Ingunnarskóla

## Sumarkveðja



Nú er skólaárið senn á enda og undirbúningur komandi skólaárs hafinn af fullum krafti. Síðustu skóladagana brjótum við upp hefðbundið skólastarf, förum í stuttar ferðir og leggjum áherslu á gleði og hópefli. Góða veðrið síðustu daga hefur verið mikil vítamínssprauta og gert þessa daga enn ánægjulegri.

Árlegur íþróttadagur var 3. júní og setti góða veðrið svip sinn á hann. Dagurinn var einstaklega skemmtilegur en nemendum 1.-5. bekkjar var skipt upp í hópa og nutu allir þess að vera úti í skemmtilegum þrautum á mismunandi stöðum umhverfis skólann.

Nemendur í 6.-7. bekk fóru niður í Leirdal, hittu þar nemendur úr 6.-7. bekk Dal-skóla og fóru í leiki og kepptu í ýmsum íþróttagreinum.

Nemendur í 8.-9. bekk voru í alls kyns íþróttakeppnum inni í íþróttasal.

Í lok dags söfnuðust svo allir saman á skólalóðinni, tóku þátt í danskeppni og gæddu sér á grilluðum pilsum.

Nemendur bíða nú óþreyjufullir eftir sumrinu og frelsinu sem því fylgir og eru án efa mörg ævintýri framundan hjá þeim. Við vonumst til að sjá ykkur sem flest á skólaslitunum næstkomandi fimmtudag en þá ætlum við að koma saman og slíta skólaárinu sameiginlega.

Við viljum vekja athygli á sumarlestrarátaki sem sent verður heim með nemendum á skólaslitum og vonum að allir verði duglegir að taka þátt og senda okkur myndir.

Bestu óskir um gleðilegt sumar og kærar þakkir fyrir gott samstarf á skólaárinu.

Starfsfólk Ingunnarskóla



## Glaðheimar og Álfheimar



1.-3. bekkur gerði góða ferð í Húsdýragarðinn á dögnum. Mikið var um ungvíði svo sem kiðlinga og lömb sem vöktu mikla lukku. Einnig var á svæðinu dásamlegur kálfur sem fékk klapp og klór sem sennilega dugar honum út sumarið.

Nemendur í 1. bekk hafa verið að vinna í húsdýraþema og tóku léttu spurningarkeppni í Húsdýragarðinum og rúlluð henni auðvitað upp.

2.-3. bekkur útfærði þetta enn frekar og hver nemandi valdi sér dýr, ekki endilega húsdýr og hélt svo kynningu fyrir bekkinn. Heppnaðist þetta geysilega vel og voru margar kynningar mjög metnaðarfullar. Einnig héldu nemendur í 2.-3. bekk „míni“ samveru þar sem þau skemmtu hvert öðru. Þar stigu á stökk nánast allir nemendur og ljúft að sjá hversu örugg þau eru orðin að koma fram.



## Mikill áhugi á stuttmyndagerð

Þær Emilía Anna, María Bridde, Ríkey og Sóley Bára í 5. bekk hafa staðið sig sérstaklega vel í stuttmyndagerð í vetur og unnið þrenn verðlaun á því sviði. Fyrst unnu þær *Siljuna*, myndbandasamkeppni sem Barnabókasetur stóð fyrir. Þær fengu peningaverðlaun sem þær notuðu til að bjóða bekkjarsystkinum sínum í bíó, auk þess sem skólinn fékk 100.000 króna bókaúttekt fyrir bókasafnið. Einnig tóku þær þátt í *Töku 2016*, stuttmyndasamkeppni grunnskólanna og fengu þriðju verðlaun fyrir heimildarmynd um *Noreg* og María, Ríkey og Sóley Bára fengu fyrstu verðlaun fyrir tónlistarmyndbandið *What do you mean?*



## Hulduheimar 4.-5. bekkur

Krakkarnir í 4.-5. bekk fóru í vorferð í Gufunesbæ. Þar eyddu þeir deginum í hinum ýmsum leikjum og tækjum ásamt því að grillaðar voru pylsur. Veðrið lék við okkur og ekki var annað að sjá en að allir hefðu skemmt sér konunglega.



## Goðheimar 6.-7. bekkur

Nemendur í 6. og 7. bekk heimsóttu Borgarbókasafnið í Spöng. Þar fengu þau fræðslu um starfsemi Borgarbókasafnsins, hvernig best er að velja sér bók við hæfi ásamt því að sumarlestur Borgarbókasafnsins var kynntur fyrir þeim. Sumarlesturinn er lestrarhvetjandi keppni fyrir börn á öllum aldri og öllum er frjálst að taka þátt.

Sjá nánar á vef Borgarbókasafnsins <http://borgarbokasafn.is/is/sumarlestur-2016>

Allir fengu miða til þess að ná sér í bókasafnsskírteini og er krökkunum ekkert að vanbúnaði að hefja sumarlesturinn á fullu.



## Nýsköpunarkeppni grunnskólanna

Nemendur skólans standa sig vel á fleiri sviðum því Magnús Máni Kjærnsted og María Sif Óskarsdóttir nemendur í 7. bekk komust í úrslit í Nýsköpunarkeppni grunnskólanna með verkefnið *Eineltishúfa*.







## Barnamenningarhátíð

Í tilefni Barnamenningarhátíðar unnu krakkarnir í leikskólanum Maríuborg, Ingunnarskóla og frístundarheimilinu Stjörnulandi krita verk sem bar nafnið *Vegir liggja til allra átta* en þema Barnamenningarhátíðar var *fjölmening*.

Í Safnhúsinu við Hverfisgötu var sýningin *Auðigur þóttumst er eg annan fann* en þar voru sýnd verk eftir nemendur í 4.-5. bekk unnin undir leiðsögn Ásdísar Kalman myndlistakennara. Við opnunina sungu nemendur frumsamið lag eftir Kristján Guðjónsson tónmenntakennara sem byggt er á texta Hávamála.

Verkin voru unnin út frá Hávamálum og var leiðarljósið gildin *vinátta* og *gestrisni*. Þessi gildi eru enn í dag mikilvæg í okkar samfélagi ekki síst í ljósi hins mikla fjölda flóttamanna sem koma til Evrópu frá stríðs- hrjáðum svæðum. Útfærslan var í formi skála úr endurunnum pappír og veltu nemendur fyrir sér þessum hugtökum og ástandinu í heiminum og hvernig maður sýnir öðru fólki áhuga, vináttu og gestrisni. Skálarnar eru tákni fyrir þá vináttu og gestrisni sem við viljum sýna þegar við bjóðum fólki heim til okkar.

## Lokaverkefni 10. bekkjar

Undanfarnar rúmar tvær vikur hafa 10. bekkingar unnið að lokaverkefnum sínum. Unnið var með þemað Jörðin - neysla, sóun, nýsköpun, mengun, umhverfið, endurnýting... og þá hvað við getum gert varðandi þessi mál. Nemendur unnu í hópum og völdu sjálfir hvernig þeir vildu nálgast viðfangsefnið og á hvaða hátt þeir vildu kynna vinnu sína. Kynningar á verkefnum voru svo fluttar fyrir 8. og 9. bekk ásamt kennurum og fengu nemendur athugasemdir um hugsanlegar betrubætur á verkefnum við það tækifæri. Daginn eftir var svo unnið í að sníða agnúa af og lauk þeim degi með kynningum fyrir foreldra og þá voru verkefnið metin til einkunna.

Skemmst er frá því að segja að verkefnið voru sérlega fróðleg og unnin af miklum metnaði og vöktu áhorfendur svo sannarlega til umhugsunar um umhverfisvernd og mikilvægi hennar. Krakkarnir hafa svo sannarlega ástæðu til að vera stolt af sjálfum sér og sinni lokavinnu á grunnskólagöngu sinni.

